

**Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 23. apríl 2021 vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Hringbraut 116/Sólvallagata 77 – Steindórsreitur.**

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Hringbraut 116/Sólvallagata 77 - Steindórsreitur, birtist í Frétta- og Lögbirtingarblaðinu fimmtudaginn 25. mars nk. Tillagan er í kynningu frá 25. mars 2021 til og með 11. maí 2021. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/hringbraut-116solvallagata-77-steindorsreitur>

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

**Hringbraut 116/Sólvallagata 77 – Steindórsreitur**

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 10. mars 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 11. mars 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Steindórsreits vegna Hringbrautar 116/Sólvallagötu 77. Í breytingunni felst færsla á innkeyrslu í bílakjallara og minniháttar breytingar tengdar því. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **25. mars 2021 til og með 11. maí 2021**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is), skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is), eigi síðar en 11. maí 2021. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Kveðja,  
Þuríður Guðmundsdóttir

Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið

Skrifstofa skipulagsfulltrúa

Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík

Sími: 411-1111 - Netfang: [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is)